

4. gr.

Skólastjóri starfar í umboði skólastjórnar.

Skólastjóri skal m.a.:

- ráða kennara að skólanum með samþykki skólastjórnar,
- hafa umsjón með námi og kennslu í skólanum og annast daglegan rekstur hans,
- gera starfsáætlun fyrir skólann og leggja hana fyrir skólastjórn í upphafi skólaárs til samþykktar.

II. KAFLI

Skipulag skólans.

5. gr.

Nám í skólanum fer fram í tveimur deildum, almennri deild og framhaldsdeild.

Nám í almennri deild er opið öllum og greiði nemendur námsgjald sem skólastjórn ákveður. Nám í deildinni fer fram í námskeiðsformi og geta námskeiðin verið mislög. Gert er ráð fyrir 16–20 nemendum í hverjum hópi. Boðið skal upp á byrjendakennslu og nánar skilgreind framhaldsnámskeið svo sem um byrjanir, miðtafl, endatöfl o.fl.

Í framhaldsdeild eru nemendur valdir og skólavist ókeypis. Hvert kennslutímabil samsvarar tveimur önnum, þ.e. sept.–des. og jan.–apríl. Valið skal í deildina á grundvelli inntökuprófs í upphafi haustannar. Kennslutími skal vera 4–6 stundir á viku og nemendafjöldi í deildinni 10–15.

Stórmeistarar á launum skulu hafa fræðsluskyldu við framhaldsdeildina m.a. á þann hátt að fara yfir og skýra nýjar skákir.

III. KAFLI

Gildistaka.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 76/1990 um Skákskóla Íslands og öðlast hún gildi 1. janúar 1991.

Menntamálaráðuneytið, 20. nóvember 1990.

Svavar Gestsson.

Arni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, er taki gildi 1. desember 1990:

Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, nr. 103, 26. febrúar 1990, með síðari breytingum:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 2,83%

Iðnaðarráðuneytið, 27. nóvember 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.